


Minnislisti fjósbyggjandans



LANDSSAMBAND
KÚABÆNDA



Framleiðisjóður
landbúnaðarins

1. útgáfa / 2016

Formáli

Árið 2011 var lokið við uppgjör rannsóknaverkefnisins „Betri fjós“ en það verkefni leiddi m.a. í ljós að þrátt fyrir að töluverð reynsla hafi skapast hér á landi við hönnun, byggingu eða breytingu fjósa, þá reyndust öll fjós sem heimsótt voru í því rannsóknaverkefni innihalda einhverja galla. Flesta gallana hefði mátt koma í veg fyrir með meiri þekkingu á hönnun og/eða frágangi við byggingu eða breytingu fjósanna. Skýringuna á þessum mistökum má vafalítið heimfæra upp á smæð markaðarins á Íslandi, en harla erfitt og raunar ólíklegt er að hægt sé að fá jafn góða þjónustu við hönnun fjósa og leiðbeiningar við byggingu eða breytingar fjósa hér á landi og kúabændur erlendis geta fengið, enda eru nýbyggingar eða breytingar á fjósum hér á landi ekki taldar nema í fáeinum tugum árlega.

Hér á landi hefur þó margt verið gert undanfarna áratugi í þeim tilgangi að miðla fræðslu og þekkingu á þessu sviði. Þannig hafa t.d. verið haldin fjósbyggingarnámskeið reglulega undanfarin 15 ár, þar sem bændur og hönnuðir hafa haft tækifæri til þess að sækja sér nýja þekkingu og læra af reynslu annarra. Tilgangur námskeiðanna hefur fyrst og fremst verið að miðla upplýsingum til verðandi framkvæmdaaðila um það sem þarf að varast og að hverju þarf að huga svo ekki verði til óþarfa mistök. Námskeið þessi hafa alltaf verið afar vel sótt, en á þeim hefur einnig vaknað áhugi á því að bændur og hönnuðir geti fengið í hendur „verkfæri“ sem geri þá betur færa til þess að yfirfara teikningar og áætlanir svo líkurnar á því að finna óþarfa mistök aukist og þar með að auðvelda bændunum að takast á við hið mikla og kostnaðarsama verkefni sem það er að byggja nýtt fjós eða breyta fjósi.

Erlendis er oft farin sú leið við yfirferð teikninga að notast við einskonar minnislista eða „tékklista“ sem tekur til helstu þekktra mistaka sem koma upp við hönnun, hvort sem er um nýbyggingu að ræða eða breytingu á fjósi. Slíkur listi verður vissulega seint 100% tæmandi, en vonandi má með honum forða mörgum kúabændum hér á landi frá því að gera dýr mistök við hönnun eða frágang, sér í lagi við hönnun á helstu vinnurýmum svo sem mjaltaaðstöðu, mjólkurhúsi og aðstöðurými en langalgengast er að finna hönnunarmistök á þessum rýmum.

Listinn sem hér fer á eftir inniheldur um 200 spurningar og tekur til helstu rýma í fjósum s.s. mjaltaaðstöðu (bæði hefðbundinnar og mjaltþjóna), aðstöðurýmis, fóðrunaraðstöðu, smákálfaaðstöðu, aðstöðu fyrir geldneyti, hvíldar- og göngurými kúa og tækjarýmis. Hönnun aðstöðu utan fjóss féll ekki undir þetta verkefni, né hönnun á haughúsum eða öðru rými neðan við göngu- eða legusvæði gripa.

Verkefnið var kostað af Þróunarsjóði nautgriparektar og unnið af Snorra Sigurðssyni, sviðsstjóra ráðgjafasviðs mjólkurgæða hjá SEGES P/S í Danmörku.

Leiðbeiningar

Áður en þú notar þennan lista er mælt með því að þú skoðir vel skýrsluna frá verkefninu Betri fjós. [Hana má hlaða niður með því að smella hér.](#) Í henni er komið inn á flesta þá þætti sem hafa þarf í huga við fjósbyggingu. Eftir skoðun á þeirri skýrslu getur þú svo notað þennan minnislista sem byggir á spurningum um væntanlega hönnun. Mælt með því að þú prentir hann út og merkir svo við hvert það atriði sem á við í þínu tilfelli og skiljir önnur eftir auð. Enn skal minnt á að engan veginn er um tæmandi lista með spurningum að ræða en spurningarnar sem hér hefur verið safnað saman lúta að flestum þeim þáttum sem hafa misfarist við hönnun undanfarin ár. Önnur grunnatriði eru sjálfgefin og ekki tekin fyrir hér.

Svo unnt sé að gera þennan lista betri og betri er mikilvægt að fá ábendingar um það sem í hann vantar og/eða má eyða úr honum. Allar ábendingar óskast sendar með tölvupósti til: sns@seges.dk.

Efnisyfirlit

1. Undirbúningur framkvæmda.....	4
2. Smákálfar	4
3. Geldneyti.....	5
4. Geldkýr / kvígur.....	5
5. Mjólkurkúr	5
6. Velferðarsvæðið.....	6
7. Meðferðarsvæðið (t.d. sjúkra-, sæðingar- og burðarstíur)	6
8. Fóðrunaraðstaða.....	6
9. Mjaltabás (grunnteikning kemur frá mjaltatækjaframleiðanda)	6
10. Mjaltapjónn (grunnteikning kemur frá mjaltatækjaframleiðanda).....	8
11. Mjólkurhúsið.....	8
12. Tækjarými / geymslurými	9
13. Annað aðstöðurými	9

1. Undirbúningur framkvæmda

Þegar hugað er að fjósbyggingum, hvort sem um er að ræða endurbyggingu eða nýbyggingu er í afar mörg horn að líta. Mikilvægt er að setja upp gott skipulag svo öllu sé haldið til haga.

Óhætt er að mæla með því við undirbúning framkvæmda að skoða önnur fjós og framkvæmdir hjá öðrum til þess að ná utan um sem flesta þætti hinnar nýju framkvæmdar og í framhaldi af slíkri undirbúningsvinnu að setja hugmyndir á blað ásamt fjóshönnuði.

Á þessu stigi framkvæmda þarf að ákveða:

- Mjaltakerfið
- Fóðrunaraðferðina og fóðrunartæknina
- Helstu flutningaleiðir aðfanga, dýra og vinnuafls
- Hvernig standa eigi að smitvörnum
- Gólfgerð
- Meðhöndlun mykjunnar
- Legusvæðisgerð
- Loftræstingu

Þegar framangreint er valið er afar mikilvægt að skilja á milli þess sem er „gott að vera með“ og þess sem er „nauðsynlegt að vera með“. Allt of oft hækkar byggingarkostnaður mikið við það eitt að valin er of dýr lausn miðað við eðli verkefnisins.

Í framhaldi ofangreindrar grunnvinnu er svo gert uppkast eða skissa af fyrirhugaðri framkvæmd og svo síðar teikning með drögum að framkvæmdinni. Þegar hún liggur fyrir er afar mikilvægt að rýna hana vel og nota m.a. þann minnislista sem hér er til þess að yfirfara helstu atriði teikningarinnar svo koma megi í veg fyrir og/eða tryggja að búið sé að hugsa fyrir sem flestu og helst öllu.

2. Smákálfar

- Eiga þeir að liggja á básum eða í hálmstíu?
- Á að gefa mjólk með kálfafóstru?
- Ef svo er, er gert ráð fyrir plássinu sem hún tekur?
- Ef svo er, eru lagnir að henni (vatn, rafmagn og frárennsli)?
- Ef svo er, er mjólkurlögn að henni?
- Ef svo er, er vatnsslanga þarna fyrir þrif (kálfafóstran verður fljótt sóðaleg)?
- Ef svo er, verður tryggt að ekki safnist fyrir hland og vatnssull „kálframegin“ við fóstruna?
- Er hægt að „keyra“ aðföng að stíunni án vandkvæða (ekki þrep, tröppur eða slíkt)?
- Þar sem átsvæði kálfanna er, verður það með góðu frárennsli fyrir hland/vatnssull?
- Ef það er hálmstía, er hún þá véltæk?
- Ef það er hálmstía, er gott frárennsli þar sem brynningin fer fram?
- Ef það er hálmstía, verður handhægt að bera daglega undir kálfana (s.s. stutt í hálmgeymslu)?
- Er niðurfall í stíunni (þegar hún er þrifin)?

3. Geldneyti

- Er hægt að skipta svæðinu upp í mörg aldurs og/eða stærðarbil (oft miðað við 3ja mánaða hópa eftir mjólkurfóðrun)?
- Sæðingarstía kvíga. Er mannop á henni fyrir frjótækninn og getur hann/hún þrifið stígvélin við mannopið?
- Er auðvelt að vinna við stíurnar svo sem við að skafa niður skít, þrifa drykkjarker o.fl.?
- Munu allir gripir geta legið samtímis á mjúku undirlagi?
- Er gert ráð fyrir klórum í hverri stíu og þá hvar?
- Oft treðst skítur illa niður frá geldneytum, hvernig verður tryggt að gólfið verði þrífalegt?

4. Geldkýr / kvígur

- Er hægt að skipta svæðinu upp annars vegar fyrir geldar kýr og hins vegar fyrir kvígur sem eiga 4-6 vikur í burð?
- Er gott mannop á þessu svæði?
- Er gert ráð fyrir þvotti á stígvélum við mannop?
- Er gott aðgengi frá svæðinu að burðarstíu(m)?
- Er gert ráð fyrir heldur breiðari básum hér fyrir geldu kýrnar en mjólkandi kýr?
- Er auðvelt að fóðra þessa gripa með öðru fóðri en það sem mjólkurkýrnar fá?

5. Mjólkurkýr

- Eru innréttningar hannaðar fyrir íslenskar kýr en ekki stórar erlendar?
- Verður bringurörið færanlegt (fram og til baka)?
- Eru básarnir nógu langir svo þeir endist samhliða stækkandi kúm?
- Eru mannop frá fóðurgangi yfir í kúasvæðið á nokkrum stöðum?
- Er gert ráð fyrir stígvélaþvotti þar sem mannopin eru?
- Þar sem kúabursti/kúaburstar eru, er þar nægt pláss fyrir kýrnar að athafna sig?
- Er auðvelt að halda kúaburstasvæðinu hreinu (mikið af hárum kemur)?
- Er nægt magn vatnskera (reglugerð) og er auðvelt að halda þeim hreinum?
- Verða vatnskerin veggghengd eða með „fótum“?
- Ef vatnskerin eru með „fótum“, kemst sköfuróbóti samt um?
- Á að hafa „skítavarnarpall“ við vatnkerin?
- Ef svo er, kemst sköfuróbóti samt mögulega um fjósið?
- Er gólfið heilt og ef svo er, er á því góður vatnshalli svo ekki myndist pollar á því?
- Ef notað verður sköfukerfi, er tryggt að sköfuprófillinn verði felldur niður í gólfið?
- Inn- og útgangar. Liggur fyrir hvaða gönguleiðir verða notaðar fyrir kýr á beit?
- Þola veggir reglubundin þrif?
- Ef nota á sköfuróbóta, hvar á hann að vera í hleðslu og eru lagnir að þeim stað hannaðar?
- Er efnisval í fjósinu, svo sem í aðkeyptum hurðum, þannig að það þoli álagið sem fylgir fjós(ó)lofti?
- Er hugsað fyrir mögulegum heyslæðingi?
- Á að nota aðkeyptar innréttingar og gera þær ráð fyrir sérstökum frágangi/hönnun svo sem þar sem festingar eru?
- Ef það er heilt gólf undir kúnum (ekki rimlar) er gert ráð fyrir sköfukerfinu og öllu því sem því fylgir svo sem sköfudreka, vindukerfi, köplum og öðru slíku?

- Ef sköfukerfi er notað, skefur það þá frá mjaltaaðstöðunni en ekki að henni?
- Ef sköfukerfi er notað, er smákálfavörn í „niðurfallinu“?
- Á að vera gúmmí á gólfinu?

6. Velferðarsvæðið

- Hvað er gert ráð fyrir stórum hópi kúa á þessu svæði (oft 10-15%)?
- Er stutt yfir í mjaltaaðstöðuna?
- Er stutt yfir í meðhöndlunarstíur?
- Er velferðarsvæðið staðsett þannig að það liggur vel við algengum gönguleiðum starfsfólks (eftirlit)?
- Er hægt að setja kýr í hálmstíu beint úr þessu svæði (t.d. þær sem eru lélegar til gangs)?
- Er svæðið við klóruburstann vel hannað?

7. Meðferðarsvæðið (t.d. sjúkra-, sæðingar- og burðarstíur)

- Er aðkomuleið frjótækna og dýralækna einföld og þrifaleg?
- Er gott frálagsvæði fyrir framangreinda fyrir tæki þeirra og tól?
- Er handlaug nálægt?
- Er auðvelt að þrifa og sótthreinsa?
- Er hægt að læsa kýr við fóðurgang svo auðveldara sé að vinna við þær?
- Er sérstaklega gert ráð fyrir innréttingu sem hentar fyrir sæðingu eða fangskoðun?
- Er nægt pláss fyrir tvo að vinna við burðaraðstoð?
- Á að skera klaufir hér og ef svo er, er auðvelt að koma klaufskurðarbási við?
- Ef svo er, er hægt að þrifa og sótthreinsa básinn hér eða er gert ráð fyrir því annarsstaðar?
- Er sjúkrastía útbúin með læsanlegri sjúkrastíugrind (sem opnast að neðan)?

8. Fóðrunaraðstaða

- Á að nota fóðurvagn til að gefa, er fóðuraðstaðan nógu breið fyrir hann?
- Ef notað er sjálfvirk fóðurkerfi, er það þá hangandi vagn og ef svo er, hvernig á að hengja upp brautina?
- Ef fóður er blandað, er þá gert ráð fyrir möguleikanum á því að blanda við vatni með hentugum hætti?
- Verður auðvelt að koma fyrir steinefna- og vítamíngjöf?
- Ef fóðurlöndunaraðstaða er í fjósinu eða einhverskonar meðhöndlunaraðstaða, er þá gott niðurfall þar (bráðnar t.d. oft snjór á þessu svæði)?
- Þar sem er heilt steinsteypt gólf, verða „sprungusvæði sett í það“?
- Hvert á að fara með moðið frá kúnum og ef það fer út úr fjósinu, er þá gert ráð fyrir því hvar það mun safnast upp?
- Ef rúllur eru notaðar, er þá gert ráð fyrir uppsöfnun á plasti og bindigarni?

9. Mjaltabás (grunnteikning kemur frá mjaltatækjaframleiðanda)

- Hvernig á að mjólka kýr sem eru í meðhöndlun í básnum?

- Hvaðan verður sog í frátökufötu tekið?
- Hvernig innréttingar á að velja?
- Loftstýrð hlið?
- Hvar á að koma fyrir stjórnbúnaði hliðanna?
- Verður ljós í mjaltakantinum?
- Hvernig er lýsingunni háttað í básnum?
- Er gólfið hreyfanlegt?
- Eru tuskur í fötu á rennibraut?
- Er gert ráð fyrir kerfisþvotti á frátökufötum?
- Fara lagnir til og frá básnum um lagnastokk í gólfi?
- Er upphitunarmöguleiki í gryfjunni?
- Verður afgangshiti mjólkurtanks nýttur til upphitunar í gryfjunni (um lagnastokk)?
- Er ráðgert að vera með aflmiklar vatnslagnir fyrir þrif á básnum?
- Er pláss fyrir rúmtaksmikla slöngu fyrir þrifin á básnum?
- Á að gefa kjaranfóður í básnum?
- Er tryggt að kýr þurfa ekki að taka „U“ beygju við útgang frá básnum?
- Verður gólfefnið stamt svo kýrnar séu öruggar?
- Eru góð og öflug niðurföll á helstu stöðum svo auðvelt sé að þrifa básinn?
- Komast nægar kýr á biðsvæðið svo hægt sé að mjólka í a.m.k. 1 klukkutíma í senn?
- Er biðsvæðið örugglega hallandi upp að mjaltabásnum?
- Er biðsvæðið rétt hannað og trektlaga?
- Verður sjálfvirk skolun á biðsvæðinu?
- Verður kúasmali í biðsvæðinu?
- Ef kúasmali er, á hann að skafa gólfið þegar hann gengur til baka?
- Ef kúasmali er, hvernig verður honum stjórnað?
- Liggur fyrir hvernig raflögnum verður háttað?
- Liggur fyrir hvernig vatnslögnum verður háttað?
- Verður auðvelt að þrifa hendur í básnum?
- Verður hægt að setja kýr sjálfvirk í frátökustíu eftir mjaltir?
- Á að nota stafræna mjólkurmæla eða vera með einfalt kerfi?
- Verða notaðir hjálpararmar til þess að létta undir við mjaltakrossana?
- Verður sjálfvirk skolun á mjaltabáspöllum?
- Eru allar gönguleiðir kúnna með rúmgóðum beygjum?
- Er einhversstaðar sjáanlegar óþarfa hindranir á gönguleiðum kúnna?
- Verður auðvelt fyrir mjaltamanninn að ferðast um til og frá básnum (góð mannop)?
- Er hugsað fyrir skolun á stígvélum ef mjaltamaður þarf að fara upp á svæði kúnna?
- Á að nota rafræna skráningu kúnna við inngang?
- Ef nota á rafræna skráningu, er það við inngangshliðið?
- Ef nota á rafræna skráningu, er það í gólfinu?
- Ef nota á rafræna skráningu, er það við hvert mjaltastæði í básnum?
- Á að vera hægt að ýta bringuröri að kúnum þegar þær eru komnar inn í básinn?
- Er gryfjukanturinn með ljósi í sem lýsir upp á júgrin?
- Er gryfjukanturinn með úðastútum fyrir sjálfvirka skolun á básnum?
- Er gert ráð fyrir stækkun gryfjunnar í framtíðinni?
- Er hönnun gryfjunnar, s.s. breidd, lengd og lögun hönnuð í samráði við söluaðila mjaltatækjanna?
- Verður mjólkurskilinn í gryfjunni og ef svo er, er gott pláss fyrir hann?
- Verður auðvelt að taka mjólkursýni í básnum?

10. Mjaltþjónn (grunnteikning kemur frá mjaltatækjaframleiðanda)

- Hvert mun frátökumjólkin fara?
- Er einfalt að setja kýr á beit út frá mjaltþjónninum?
- Er hægt að flokka kýr í frátökustíu beint úr mjaltþjónninum?
- Er hugað að góðri lýsingu á vinnusvæðinu við mjaltþjónninn?
- Eru lagnaleiðir fyrir vatn, rafmagn og mjólk vel skipulagðar?
- Eru mannop beggja vegna mjaltþjónsins?
- Er hugað að stígvélaþvotti við mannop frá kúarýmum?
- Er vinnusvæðið með upphitunarmöguleika?
- Er inngangurinn í mjaltþjónninn á jafnsléttu við göngusvæði kúnna?
- Er biðsvæði við mjaltþjónninn, geta kýrnar þá komist í vatn?
- Er möguleiki á góðri loftræstingu á vinnusvæðinu við mjaltþjónninn?
- Verður auðvelt að skola gólfið (kúamegin) við mjaltþjónninn daglega eða oftar?
- Við mjaltþjóna er mikil vatnsnotkun, mun það vatn verða leitt beint í haughús eða verður sogflór undir mjaltþjónninum?

11. Mjólkurhúsið

- Á að vera með útítank eða innítank?
- Liggja fyrir lagnaleiðir að tanknum fyrir mjólkurlögn, þvottalögn, vatnslagnir, frárennsli og kælikerfi (oft hægt að fá þetta uppgefið fyrirfram frá framleiðanda)?
- Hvar á að staðsetja þvottavélina fyrir tankinn?
- Verður þvottavélin fyrir mjaltakerfið hér, þá hvar?
- Er búið að hugsa fyrir öllum lögnum til og frá þvottavélunum?
- Hvar verður kælivélin staðsett?
- Á að nota ísvatnskælingu?
- Á að nýta afgangshitann sem myndast við kælinguna, t.d. til húshitunar?
- Er tryggt að kælivélin geti losnað við þá umframorku sem hún mun framleiða?
- Er loftræsting rýmisins sjálfvirk og óháð „mannshöndinni“?
- Opnast dyr mjólkurhússins „upp í vindinn“?
- Kviknar sjálfkrafa á ljósi í mjólkurhúsinu þegar hurðin er opnuð?
- Er gott ljós utan við mjólkurhúsið?
- Er steyppt plan utan við mjólkurhúsið?
- Er handlaug (fyrir mjólkurbílstjóran) í mjólkurhúsinu?
- Er gott frálagssvæði í mjólkurhúsinu fyrir það sem mjólkurbílstjórinn á að skilja eftir?
- Er niðurfallið rúmtaksmikið?
- Verður handhægt að skola og þrifa mjólkursíuhúsið og skrufganginn?
- Verður slanga aðgengileg fyrir þrif á tankstúti og öðru lauslegu?
- Verður tuskupvottavél í þessu rými, þá hvar?
- Ef tuskupvottavél er, er þá gert ráð fyrir vatns og raflögnum að henni ásamt frárennsli?
- Verður lyfjaskápur staðsettur í þessu rými, þá hvar?
- Á að geyma broddmjólk í þessu rými, þá hvar?
- Á að nota plötu- eða rörkælingu fyrir mjólkina og ef svo er, er pláss fyrir slíkt hér?
- Er búið að hugsa fyrir lagnaleiðum til og frá plötu- eða rörkælingu fyrir mjólkina?
- Á að blanda kálfamjólki hér?
- Ef blanda á kálfamjólki, er vaskur, lagnir og frárennsli fyrir slíkt til staðar?

- Verða flísar á gólfinu og ef svo er, er þá tryggt að fúgan þoli það álag sem er í mjólkurhúsi (sápur, sýrur og mjólkurleifar)?
- Verður góður halli að niðurfallinu (lágmark 3%)?
- Þola gólfrestar í niðurföllum það álag sem er í mjólkurhúsi (sápur, sýrur og mjólkurleifar)

12. Tækjarými / geymslurými

- Verða hér loftpressur, sogdælur, kælivélar, hitakútar og ýmsir varahlutir?
- Sogdælan, er pláss fyrir hana?
- Er loftrörið frá sogdælunni leitt niður í soradunk utandyra (olíusmit)?
- Er gott niðurfall hér?
- Hér er oft leiðinda hávaði, er hugað að hljóðvörnum?
- Hér myndast mikill hiti, hvernig á að leiða hann út?
- Ef sköfukerfisstjórnun er hér, er sérstaklega hugað að hljóðdempun frá stimplinum?
- Lagnaleiðir til og frá þessu rými – eru þær skipulagðar?
- Loftdæla fyrir mjaltapjóna, hlið og fleira – er pláss fyrir hana?
- Verða sápu- og sýrubrúsar fyrir kerfisþvott mjaltakerfis staðsettir hér?
- Ef sápu- og sýrubrúsar eru, eru þá lagnaleiðir til og frá þekktar?
- Hér verður gólfíð oft sóðalegt, verður auðvelt að þrifa það?
- Hér er stundum inntak fyrir vatn í fjósið, er pláss fyrir inntaksgrindina?
- Hér er oft inntak fyrir raflagnir í fjósið, er pláss fyrir grunntöfluna?
- Ef nota á rýmið sem geymslu fyrir rekstrarvörur þarf að hafa hugfast að t.d. spænir, kjarnfóður fyrir kálfa, mjólkurduft, sótthreinsiefni, saltsteinar og vítamínblöndur og annað slíkt tekur mikið pláss. Er búið að hugsa fyrir þessu?

13. Annað aðstöðurými

- Inngangar fyrir daglegt starfsfólk, er aðstaða til þess að skipta um föt?
- Er salerni fyrir starfsfólk?
- Er sérstaklega hugsað fyrir því hvernig er að sinna eftirliti með gripunum s.s. með göngusvæðum, göngubrúm eða með annarskonar hætti?
- Verður skrifstofa í fjósinu og ef svo er, á að vera hægt að sjá út yfir fjósið úr henni?
- Ef það er skrifstofa, hvernig á að tryggja að þar verði ekki þungt fjósa(ó)loft?
- Í stærri fjósum þar sem fleiri en einn koma að verkum er mikilvægt að hugsa fyrir samskiptunum á milli aðila. Er gert ráð fyrir einhverskonar tússtöflu eða öðru slíku sem tryggir að boð skili sér á milli aðila?
- Hvernig á að kveikja ljós í fjósinu og er það hægt á fleiri en einum stað (s.s. við sitt hvorn enda fjóssins)?
- Er sérstakur inngangur fyrir dýralækna og frjótækna þar sem hugað er að smitvörnum?
- Er gert ráð fyrir því að geyma undirburðinn hér?
- Verður lyfjaskápur í þessu rými?
- Verða spenapvottaefni geymd hér?
- Verða spenadýfur geymdar hér?
- Á að blanda kálfamjólki hér?
- Ef blanda á kálfamjólki, er þá vaskur, lagnir og frárennsli fyrir slíkt til staðar?